

FUNDARGERÐ BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

835. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 23. júní 2014 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga.
2. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi v/ Strandgötu 7, Hvt.
3. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi v/ Hlöðunnar ehf.
4. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi v/ Tjarnarbrekku.
5. Erindi Sýslumannsins á Blönduósi v/ Laxahvams.
6. Fundargerð Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna 22/5 sl.
7. Erindi Skákkfélagsins Hróksins.
8. Bréf starfsmanna Leikskólans Ásgarðs.
9. Fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 4/6 sl.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt til kynningar bréf Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga þar sem fjallað er megin þætti í fjármálastjórn sveitarfélaga og mikilvægi ábyrgðar áætlanagerðar og fjármálastjórnar.
2. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar Oddnýjar Helgu Sigurðardóttur um útgáfu rekstrarleyfis til heimagistingar að Strandgötu 7 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
3. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar Maríu Sigurðardóttur f.h. Hlöðunnar ehf. um endurnýjun leyfis til rekstrar veitingastaðar (kaffihúss) að Brekkugötu 2 á Hvammstanga. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
4. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar Jóhanns Hafnfjörð f.h. Laxabakka ehf. um útgáfu leyfis til rekstrar gististaðar (veitingahúss) að Tjarnarbrekku í Víðidal í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
5. Fram lagt bréf Sýslumannsins á Blönduósi þar sem óskað er umsagnar sveitarstjórnar vegna umsóknar Hákons Más Örvarssonar f.h. Chef slf. um útgáfu leyfis til rekstrar gististaðar (veiðihúss) í veiðihúsinu við Miðfjarðará (Laxahvammi) í Húnaþingi vestra. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingarfulltrúa og slökkviliðsstjóra.
6. Fram lögð til kynningar fundargerð stjórnar Almannaþingarnefndar Húnavatnssýslna frá 22. maí sl. Sveitarstjóri fór yfir efni fundargerðarinnar og greindi m.a. frá undirbúningi að gerð aðgerðaáætlana vegna smölunar einstakra landssvæða á starfssvæði nefndarinnar í óveðurstilvikum. Sveitarstjórnnum og fjallskilastjórnnum er ætlað að vinna að gerð áætlana og mun sú vinna hefjast síðar í sumar. Fulltrúi sýslumanns / lögreglu mun annast leiðbeiningu við gerð áætlana.

7. Fram lagt erindi Skákkfélagsins Hróksins þar sem starf félagsins á Íslandi og Grænlandi er kynnt. Óskað er eftir fjárstuðningi til félagsstarfsins og er styrktaraðilum boðið að gerast bakhjarlar Hróksins. Byggðarráð getur ekki orðið við erindinu að þessu sinni.
8. Fram lagt bréf starfsmanna Leikskólans Ásgarðs þar sem kynnt er ályktun starfsmannafundar skólans frá 22. maí sl. Ályktun starfsmannafélagsins er eftirfarandi: *„Starfsfólk Ásgarðs vill gagnrýna framkvæmd könnunar sem send var forsjáraðilum nemenda um heimsóknir sóknarpresta í leikskólann. Starfsfólk gagnrýnir einnig þau vinnubrögð að ekki hafi verið óskað eftir samstarfi eða álitum þess.“* Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu og ályktuninni til fjölskyldusviðs.
9. Til kynningar fram lögð fundargerð Menningarráðs Norðurlands vestra frá 4. júní sl. Samþykkt að taka á dagskrá:
10. Í tengslum við styrkveitingu Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra til Húnaþings sf. vegna kaupa á laserprentvél lagði sveitarstjóri fram samning við félagið um afgreiðslu styrksins. Byggðarráð samþykkir framlagðan samning og felur sveitarstjóra undirritun hans. Elín R. Líndal óskar að bókað sé að þar sem hún lýsti yfir vanhæfi við úthlutun styrkja Atvinnu- og nýsköpunarsjóðs Húnaþings vestra sitji hún hjá við afgreiðsluna.
11. Fram lagðar eftirfarandi tillögur skólastjóra v/ starfsmannamála, sölu lausamuna og stjórnun skólahalds á Borðeyri:
 - Skólastjóri leggur til að stöður matræðs og aðstoðarmatræðs verði lagðar niður frá og með 1. ágúst 2014 og þeim verði greidd 5 mánaða laun með eingreiðslu í samræmi við kjarasamninga þeirra 1. ágúst 2014. Byggðarráð felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að fara yfir tillöguna með skólastjóra og leggja fram álit sitt á næsta fundi byggðarráðs.
 - Skólastjóri leggur til að 0,5 stöðugildi í eldhúsi verði lagt niður frá og með 1. ágúst 2014 og viðkomandi starfsmanni greidd 3 mánaða laun með eingreiðslu frá og með 1. ágúst 2014 í samræmi við kjarasamninga viðkomandi. Byggðarráð felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að fara yfir tillöguna með skólastjóra og leggja fram álit sitt á næsta fundi byggðarráðs.
 - Skólastjóri leggur til að þeim starfsmönnum sem sinnt hafa störfum í eldhúsi verði boðið starf umjónarmanns í eldhúsi, 1 staða og hafi þeir umhugsunarfrest til 15. júlí 2014. Byggðarráð felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að fara yfir tillöguna með skólastjóra og leggja fram álit sitt á næsta fundi byggðarráðs.
 - Byggðarráð felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að fara yfir tillöguna með skólastjóra og leggja fram álit sitt á næsta fundi byggðarráðs.
 - Skólastjóri leggur til að endanlegur fjöldi starfsfólks skólans verði ákveðinn í ljósi reynslu næsta vetrar um skipulag og mönnun. Skólastjóri vill þó benda á að hugsanlega vantar einhverja viðbót við stuðning, það verður skoðað nánar með tilliti til fjölgunar kennslutíma vegna nýrra kjarasamninga kennara. Byggðarráð felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að fara yfir tillöguna með skólastjóra og leggja fram álit sitt á næsta fundi byggðarráðs.
 - Skólastjóri óskar eftir heimild til þess að selja lausabúnað í eldhúsi á Laugarbakka. Um er að ræða lausabúnað sem ekki nýtist við rekstur Hótel Eddu og því í

samræmi við skyldur sveitarfélagsins um efndir á leigusamningi sumarið 2015. Byggðarráð samþykkir tillöguna.

- Skólastjóri óskar eftir formlegri ákvöðrun um yfirstjórn skóladeildar á Borðeyri. Sviðsstjóri hefur list því yfir við skólastjóra að hann taki að sér skólastjórn þar. Byggðarráð felur sviðsstjóra fjölskyldusviðs að leggja fram tillögu sína um yfirstjórn skólahalds á Borðeyri á komandi skólaári.

12. Samningur um framleiðslu skólamáltíða fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra. Formaður kynnti að starfshópur sveitarfélagsins um mötuneytismál grunnskóla hafi fundað fyrr í dag þar sem lagt var til að fyrirbyggjandi samningur við Gauksmýri ehf. um framleiðslu skólamáltíða fyrir Grunnskóla Húnaþings vestra verði samþykktur. Byggðarráð samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra undirritun hans.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 14:45

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Elín Jóna Rósinberg.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.